



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Lukkulegur Börkur Arnarson afhenti Sölva Kolbeinssyni saxófónleikara styrkinn við athöfn í Marshall-húsinu.

Sölvi hlaut styrkinn

● Sölvi Kolbeinsson tók við styrk úr Minningarsjóði J.P. Jacquillat ● Alls hafa 26 ungir tónlistarmenn hlotið styrk

Sölvi Kolbeinsson saxófónleikari hlaut um helgina styrk úr Minningarsjóði Jean-Pierre Jacquillat og er 26. ungi tónlistarmaðurinn sem hlýtur styrkinn.

Í ár eru 30 ár síðan sjóðurinn var stofnaður til minningar um hljómsveitarstjórnann Jacquillat. Hann kom fyrst hingað til lands árið 1972 til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands og stjórnaði henni oft næstu árin uns hann var ráðinn aðalstjórnandi hljómsveitarinnar árið 1980. Því starfi gegndi Jacquillat í sex ár, þar til 1986, árið sem hann lést.

Fimm árum eftir stofnun sjóðsins var byrjað að veita framúrskarandi tónlistarfólki styrk til framhaldsnáms erlendis og hefur einn listamaður hlotið styrkinn á hverju ári.

Sölvi er fæddur í Reykjavík 1996. Hann hóf sex ára nám í Tónmennta-

skóla Reykjavíkur og byrjaði átta ára að læra þar á saxófón hjá Hafsteini Guðmundssyni. Árið 2010 færa þeir sig yfir í Tónlistarskólann í Reykjavík en Sölvi hóf þá einnig nám í djasstónlist í Tónlistarskóla F.Í.H. þar sem Ólafur Jónsson var aðalkennari hans. Sölvi lauk 7. stigi í klassískum saxófónleik 2012, 16 ára með 10 í einkunn, en þá hafði hann verið undir handleiðslu Sigurðar Flosasonar bæði í klassíska náminu í Tónlistarskóla Reykjavíkur og eins í djassnáminu í Tónlistarskóla F.Í.H.

Bjartasta vonin 2016

Í janúar 2014 kom Sölvi fram sem einleikari – ásamt þremur öðrum ungum tónlistarmönnum – með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flutti saxófónkonsert Alexander Glazunovs. Mánuði síðar lék hann saxó-

fónkonsert eftir Veigar Margeirsson með Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna og um vorið lauk hann framhaldsprófi í klassískum saxófónleik, aftur með 10 í einkunn.

Sölvi lauk framhaldsprófi í djass-saxófónleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2015. Á lokatónleikunum voru eingöngu fluttar hans eigin tónsmíðar.

Haustið 2015 hóf Sölvi nám við Jazz-Institut Berlín. Frá upphafi skólagöngunnar þar hefur hann unnið jöfnum höndum með nemendum í grunn- og meistaranámi. Hann lauk milliprófi grunnnámsins síðast liðið vor, með hæstu mögulegu einkunn í saxófónleik, og mun ljúka grunnnáminu sumarið 2019.

Sölvi hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2016 sem bjartasta vonin í jazz- og blústónlist.